

Heimahópur 20.mars 2025

Minnist konu Lots (Lúk 17:22-)

Saga Abrahams og Lot (1.Mós 13 & 19)

Tara sem skurðgoðasmiður

- Í miðaldagyðinglegum ritum eins og *Midrash* er sagt frá því að Tara hafi átt ver slun þar sem hann seldi skurðgoð úr tré og steini.
- Samkvæmt einni frægri frásögn í *Midrash* braut Abraham öll skurðgoðin í ver slun föður síns, nema eitt, og setti hamarinn í hendur stærsta goðsins. Þegar Tara kom og spurði hvað hefði gerst, svaraði Abraham að stóra skurðgoðið hefði eyðilagt hin. Tara trúði því ekki, og Abraham svaraði: „Ef þú trúir ekki að þau geti gert þetta, af hverju dýrkar þú þau?“
- Þessi saga styður hugmyndina um að Abraham hafi hafnað skurðgoðadýrkun frá unga aldri og valið að fylgja hinum eina sanna Guði.

Þó að þessi saga sé ekki í Biblíunni sjálfri, er hún vinsæl í gyðinglegri og kristinni hefð og styrkir hugmyndina um að Tara hafi verið þátttakandi í hinum fjölgyðistrúarheimi Mesópótamíu.

Lot var bróðursonur Abrahams, eða sonur Haran sem dó á undan föður sínum.

Fjölskyldutengsl Miklu

- **Faðir hennar:** Haran (bróðir Abrahams og Nahors)
- **Bróðir hennar:** Lot
- **Eiginmaður hennar:** Nahor (föðurbróðir hennar)
- **Sonur hennar:** Betúel, sem var faðir Rebekku (sem síðar giftist Ísak)

Milka var því amma Rebekku og langamma Esaú og Jakobs. Hún tengist þannig ættlegg Abrahams á mjög mikilvægan hátt.

Ezekiel 16 kafli – Ísrael og Sódóma, nakin.

Júdasarbréf – Sódóma

Kona Lots leit til baka og varð að saltstöpli

Hvað með Móse, Pétur, Davíð en Konu Lots, Ananíás og Saffíru, Sál – **Issue of the Heart**

- Óháð verkunum:

Róm 9:11

-7- Ekki eru heldur allir börn Abrahams, þótt þeir séu niðjar hans, heldur: Afkomendur Ísaks munu taldir verða niðjar þínir. -8- Það merkir: Ekki eru líkamlegir afkomendur hans Guðs börn, heldur teljast fyrirheitsbörnin sannir niðjar. -9- Því að þetta orð er fyrirheit: Í þetta mund mun ég

aftur koma, og þá skal Sara hafa son alið. -10- Og ekki nóg með það. Því var líka svo farið með Rebekku. Hún var þunguð að tveim sveinum af eins manns völdum, Ísaks föður vors. -11- Nú, til þess að það stæði stöðugt, að ákvörðun Guðs um útvalningu væri óháð verkunum og öll komin undir vilja þess, er kallar, -12- þá var henni sagt, áður en sveinarnir voru fæddir og áður en þeir höfðu aðhafst gott eða illt: Hinn eldri skal þjóna hinum yngri. -13- Eins og ritað er: Jakob elskaði ég, en Esaú hataði ég.

■ Hjartað:

Matt 5:8

Sælir eru hjartahreindir, því að þeir munu Guð sjá.

Matt 15:8

Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt frá mér.

Matt 15:19

Því að frá hjartanu koma illar hugsanir, manndráp, hórdómur, saurlifnaður, þjófnaður, ljúgvitni, lastmælgí.

Lúk 6:45

Góður maður ber gott fram úr góðum sjóði hjarta síns, en vondur maður ber vont fram úr vondum sjóði. Af gnægð hjartans mælir munnur hans.

Lúk 12:34

Því hvar sem fjársjóður yðar er, þar mun og hjarta yðar vera.

Lúk 24:32

Og þeir sögðu hvor við annan: Brann ekki hjartað í okkur, meðan hann talaði við okkur á veginum og lauk upp fyrir okkur ritningunum?

Post 8:21

Eigi átt þú skerf né hlut í þessu, því að hjarta þitt er ekki einlægt gagnvart Guði.

Post 8:22

Snú því huga þínum frá þessari illsku þinni og bið Drottin, að þér mætti fyrirgefast hugsun hjarta þíns,

Róm 10:9

Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða.

Róm 10:10

Með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis.

1Kor 14:25

Leynardómar hjarta hans verða opinberir, og hann fellur fram á ásjónu sína og tilbiður Guð og lýsir því yfir, að Guð er sannarlega hjá yður.

2Kor 9:7

Sérhver gefi eins og hann hefur ásett sér í hjarta sínu, ekki með ólund eða með nauðung, því að Guð elskar glaðan gjafara.

Efe 4:18

skilningur þeirra blindaður og þeir eru fjarlægir lífi Guðs vegna vanþekkingarinnar, sem þeir lifa í, og síns harða hjarta.

2Tím 2:22

Flý þú æskunnar girndir, en stunda réttlæti, trú, kærleika og frið við þá, sem ákalla Drottin af hreinu hjarta.

Heb 3:12

Gætið þess, bræður, að enginn yðar búi yfir vondu vantrúar hjarta og falli frá lifanda Guði.

Heb 4:12

Því að orð Guðs er lifandi og kröftugt og beittara hverju tvíeggjuðu sverði og smýgur inn í innstu fylgsni sálar og anda, liðamóta og mergjar, það dæmir hugsanir og hugrenningar hjartans.

1Pét 3:4

heldur sé það hinn huldi maður hjartans í óförgengilegum búningi hógværs og kyrrláts anda. Það er dýrmætt í augum Guðs.

1Jóh 3:21

Þér elskaðir, ef hjartað dæmir oss ekki, þá höfum vér djörfung til Guðs.

Opb 18:7

Veitið henni eins mikla kvöl og sorg og hennar stærilæti og óhóf hefur verið. Hún segir í hjarta sínu: Hér sit ég og er drottning, ekkja er ég eigi, sorg mun ég aldrei sjá.

- Heimurinn:

1Jóh 2:15

Elskið ekki heiminn, ekki heldur þá hluti, sem í heiminum eru. Sá sem elskar heiminn, á ekki í sér kærleika til föðurins.

2. Pét 2:20-21

Ef þeir, sem fyrir þekkingu á Drottni vorum og frelsara Jesú Kristi voru sloppnir frá saurgun heimsins, flækja sig í honum að nýju og bíða ósigur, þá er hið síðara orðið þeim verra en hið fyrra.

-21- Því að betra hefði þeim verið að hafa ekki þekkt veg réttlætisins en að hafa þekkt hann og snúa síðan aftur frá hinu heilaga boðorði, sem þeim hafði verið gefið.